MMF 05.002

Nýmálun steinflata

FLOKKUR	VERKÞÆTTIR	MÆLING
05 Steinfletir	7	Fermetrar

VERKÞÆTTIR

1. Léttur háþrýstiþvottur (150-320 bar eftir þörfum)
2. Steinrif á veggflötum og köntum.
3. Yfirfara veggfleti fyrir málun. Gæta að rýrnunarsprungum, steypuhreiðri og járni sem liggur of utarlega í yfirborðssteypu. Fá álit múrara áður en slíkt er málað.
4. Vatnsverja alla steypufleti.
5. Grunnun allra steyptra flata.
6. Mála tvær umferðir (fer eftir efnisvali og málningarkerfum).
7. Frágangur og þrif.

MÆLING OG UPPGJÖR

- Veggir mælast í fermetrum.
- Þau op sem eru stærri en 2 m² dragast frá þ.e. það sem umfram er 2 m². (þ.e.a.s. 10 m² op, þá dregst 8 m² frá og tveir standa eftir, vegna vinnu við frágang við op, t.d. gluggaop, o.s.frv.)
- Kantar inn að gluggum mælast með veggjum þ.e. ljósop gluggans er minnkað sem nemur kantinum.